Nr. 12.
23.
ágúst.

# Tilskipun

um

## hvernig gegna skuli embættisstörfum amtmanna, stiptsyfirvalda og landfógeta á Íslandi, þegar embætti þessi verða lögð niður.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt 6. gr. laga nr. 17, 3. október 1903 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands viljum Vjer skipa svo fyrir um það, hvernig gegna skuli embættisstörfum amtmanna, stiptsyfirvalda og landfógeta á Íslandi, þegar embætti þessi eru lögð niður, er nú segir:

### I.

### Um störf amtmanna.

Störfum antmanna skal skipt þannig:

1. Sýslumönnum og bæjarfógetum skal falið:
   - a. Að úrskurða sektahegningu samkvæmt hegningarlögunum 25. júní 1869, 300. gr., samkvæmt tilskipun 24. jan. 1838, 10. gr., samkvæmt lögum 25. júlí 1878 um lausafjártíund 7. gr., sbr. 16. gr., samkvæmt reglugjörð 6. desember 1884 um hafnsögu á Ísafirði, 9. gr., samkvæmt lögum 19. febrúar 1886 um friðun á laxi, 8. gr., sbr. 9. gr. og samkvæmt lögum 13. desember 1895 um skrásetning skipa 22.—26. gr.;
   - b. að gjöra ráðstafanir um barnsfaðernis lýsingarmál, sbr. opið brjef 28. maí 1825;
   - c. að leita sátta í hjónaskilnaðarmálum og kveðja hjónin að viðlögðum sektum á fund prests eða veraldlegs valdsmanns, sbr. tilsk. 18. oktbr. 1811 og opið brjef 10. febr. 1818;
   - d. að framkvæma störf þau viðvíkjandi fjármálum hjóna, sem getur um í 15., 22., 28. og 29. gr. laga nr. 3 frá 12. janúar 1900;
   - e. að skipa
     1. hreppstjóra,
     2. yfirsetukonur og
     3. sáttamenn utan Reykjavíkur;

# Anordning for Island

Nr. 12.
23de
August.

angaaende

## hvorledes Besørgelsen af de nu til Amtmændene, Stiftsøvrigheden og Landfogden henlagte Embedsforretninger skal ske, naar disse Embeder blive nedlagte.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* I Henhold til § 6 i Lov Nr. 17 af 3. Oktober 1903 om Omordning af Islands øverste Forvaltning ville Vi herved have anordnet følgende angaaende Besørgelsen af Amtmændenes, Stiftsøvrighedens og Landfogdens Embedsforretninger naar disse Embeder nedlægges:

I.

Om Amtmændenes Embedsforretninger.

Amtmændenes Embedsforretninger skulle fordeles saaledes:

1. Det overlades til Sysselmænd og Byfogder:
   a. At diktere Bøder i Henhold til Straffeloven af 25de Juni 1869 § 300, Fdg. 24de Januar 1838 § 10, Lov 25de Juli 1878 om Løsegodstiende § 7 jfr. § 16, Reglement 6te Decbr. 1884 om Isafjords Lodseri § 9, Lov 19de Februar 1886 om Fredning af Lax § 8 jfr. § 9 og Lov 13de Decbr. 1895 om Skibes Registrering §§ 22—26;
   b. at foranstalte Anlæg af Paternitetssager, jfr. Plak. 28de Maj 1825;
   c. at mægle Forlig i Skilsmissesager og tilsige Ægtefolkene under Mulkt at give Møde enten hos Præsten eller den verdslige Øvrighed, Fdg. 18de Oktbr. 1811 og Plak. 10de Febr. 1818;
   d. at udføre de Forretninger vedrørende Formueforholdet mellem Ægtefæller, der omhandles i §§ 15, 22, 28 og 29 i Lov Nr. 3 af 12te Januar 1900;
   e. at beskikke
      1. Repstyrere,
      2. Jordemødre og
      3. Forligskommissærer udenfor Reykjavik;

Nr. 12. Anordning for Island ang. hvorledes Besørgelsen af de nu til Amtmændene, Stiftsøvrigheden og Landfogden henlagte Embedsforretninger skal ske, naar disse Embeder blive nedlagte.

Nr. 12.
23. ágúst.

f. að ákveða framfærslueyri, sbr. tilsk. 14. oktbr. 1763 og 10. ágúst 1798, skerf barnsföður af kostnaðinum, er af barnsförum leiðir, samkvæmt lögum nr. 4 frá 12. jan. 1900, 2. gr., og meðlag ekkju, er situr í óskiptu búi, með óskilgetnum börnum manns hennar, sbr. 3. gr. nefndra laga;
g. að veita tombóluleyfi;
h. að auglýsa vogrek, sbr. opið brjef 2. apríl 1853;
i. að gera ráðstafanir um nýbýli, sbr. lög nr. 15 frá 6. nóvember 1897, 4. gr.;
j. að selja af hendi eptirnefnd leyfisbrjef:
   1. hjónavígslubrjef,
   2. leyfisbrjef til skilnaðar að borði og sæng,
   3. leyfisbrjef þau, er getur um í tilsk. 21. desember 1831, 1, b og d og
   4. leyfisbrjef þau, er getur um í konungsúrskurði 12. septbr. 1864 c og d;
k. að gefa út leyfisbrjef til verzlunar og veitinga áfengra drykkja, sbr. lög nr. 26, 11. nóvbr. 1899, 2., 3. og 7. gr.;
l. að veita leyfisbrjef fyrir óskrásett skip til að fara hafna á milli á Íslandi samkvæmt 21. gr. laga nr. 31, 13. desbr. 1895 um skrásetning skipa.

2. Störf þau, sem amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu hefur haft á hendi samkvæmt opnu brjefi 6. janúar 1857 viðvíkjandi byggingarnefnd á Akureyri, skulu lögð undir bæjarstjórnina á Akureyri.
3. Í stað amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu kemur í stjórn holdsveikraspítalans í Laugarnesi, sbr. lög nr. 2, 4. febr. 1898, 5. gr., maður þar til kosinn af stjórnarráðinu.
4. Til þess að hafa á hendi forsetastörf og framkvæmdarstjórn fyrir amtsráðin skipar stjórnarráðið einhvern af sýslumönnum amtsins eða einhvern annan lögfræðing í þeim landsfjórðungi.
5. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu skal hafa tilsjón með gjafasjóði Bjargar Jónsdóttur.
6. Sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu skal fela stjórn gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu, og ásamt prófastinum í Eyjafjarðarprófastdæmi stjórn gjafasjóðs sama manns handa fátækum í Svarfaðardalshreppi.
7. Stjórn styrktarsjóðs Ørum & Wulffs skal falin sýslumanninum í Þingeyjarsýslu með verzunarstjóra Ørum & Wulffs á Húsavík.
8. Sýslumanninum í Norður-Múlasýslu skal falin stjórn gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar með tilsjón amtsráðsins í Austuramtinu og störf amtmanns að því er snertir gjafasjóð Aðalbjargar Ásbjarnardóttur.
9. Sýslumanninum í Suður-Múlasýslu skal falin stjórn gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar undir tilsjón amtsráðsins í Austuramtinu og komi hann í stað amtmanns að því er snertir stjórn gjafasjóðs Þórunnar Sveinsdóttur.
10. Amtsráð Norðuramtsins skal hafa tilsjón með styrktarsjóði Jóhannesar Kristjánssonar.
11. Öll önnur störf amtmanna hverfa undir stjórnarráðið.

## II.

## Um störf stiptsyfirvalda.

1. Störf stiptsyfirvaldanna að því er snertir skólamál og kennslumál, yfirumsjón með Landsbókasafninu og Forngripasafninu, undirbúning verðlagsskráa samkvæmt lögum nr. 16 frá 6. nóvbr. 1897, og stjórn Thorkillii barnaskólasjóðs, skulu hverfa undir stjórnarráðið.

f. at fastsætte Alimentationsbidrag, jfr. Fdg. 14de Oktbr. 1763 og 10de Aug. 1798, samt Barnefaderens Bidrag til Barselfærden i Henhold til Lov Nr. 4. af 12te Jan. 1900 § 2, og en i uskiftet Bo hensiddende Enkes Bidrag til den afdøde Mands uægte Børn, jfr. § 3 i bemeldte Lov; **Nr. 12.** 23de August.
g. at give Tilladelse til Afholdelse af Tombolaer;
h. at bekjendtgøre Vrag, jfr. Plak. 2den April 1853;
i. at gøre Foranstaltninger med Hensyn til Nybyggersteder, jfr. Lov Nr. 15 af 6te Novbr. 1897 § 4;
j. at udfærdige og udlevere følgende Bevillinger;
   1. Vielsebreve;
   2. Bevillinger til Adskillelse i Henseende til Bord og Seng;
   3. De i Fdg. 21de Decbr. 1831 1, b og d omhandlede Bevillinger og
   4. Bevillinger, der omhandles i Resol. 12te Septbr. 1864 c og d;
k. at udfærdige Bevillinger til Udskænkning af og Handel med spirituøse Drikkevarer, jfr. Lov Nr. 26 af 11te Novbr. 1899 §§ 2, 3 og 7;
l. at udstede Pas eller Tilladelse for her hjemmehørende Skibe til uden forudgaaet Registrering at afgaa fra en islandsk Havn til en anden saadan Havn, jfr. § 21 i Lov Nr. 31 13de Decbr. 1895 om Skibes Registrering.

2. Amtmanden over Nord- og Østamtets Forretninger vedrørende Bygningskommissionen i Akureyri Kjøbstad, jfr. Plak. 6te Januar 1857, henlægges til denne Kjøbstads Byraad.
3. I Bestyrelsen for Hospitalet for Spedalske ved Reykjavik indtræder i Stedet for Amtmanden over Syd- og Vestamtet en af Ministeriet dertil beskikket Mand.
4. Til at være Formænd og Forretningsførere for Amtsraadene ansætter Ministeriet en af vedkommende Amts Sysselmænd eller en anden i vedkommende Landsfjerding bosat juridisk uddannet Mand.
5. Sysselmanden i Hunavatn Syssel skal have Tilsyn med Björg Jonsdatters Legat.
6. Bestyrelsen af Jon Sigurdssons Legat til Fattige i Øfjord Syssel og Sammes Legat til Fattige i Svarfadardals Rep overgaar til Sysselmanden i Øfjord Syssel, dog for sidstnævnte Legats Vedkommende i Forening med Provsten i Øfjord Provsti.
7. Bestyrelsen af Ørum & Wulffs Legat henlægges til Sysselmanden i Thingø Syssel og Ørum & Wulffs Handelsbestyrer i Husavik.
8. Under Amtsraadet i Østamtets Tilsyn henlægges til Sysselmanden i Nordur-Mula Syssel at bestyre Provst Guttormur Thorsteinssons Legat samt Udførelsen af Amtmanden over Nord- og Østamtets Forretninger med Hensyn til Adalbjörg Asbjarnardatters Legat.
9. Under Amtsraadet i Østamtets Tilsyn henlægges til Sysselmanden i Sudur-Mula Syssel at bestyre Sysselmand Pjetur Thorsteinssons Legat, ligesom bemeldte Sysselmand træder i Amtmanden over Nord- og Østamtets Sted med Hensyn til Thorunn Sveinsdatters Legat.
10. Amtsraadet i Nordamtet skal føre Tilsynet med Johannes Kristjanssons Legat.
11. Alle Amtmændenes øvrige Embedsforretninger overgaa til Ministeriet.

## II.

### Om Stiftsøvrighedens Embedsforretninger.

1. Stiftsøvrighedens Forretninger vedrørende Undervisningsvæsenet, Overopsynet med Landsbiblioteket og Oldsagssamlingen, ligesom dens Virksomhed med Hensyn til Kapitelstaxtens Sættelse, jfr. Lov Nr. 16 af 6te Novbr. 1897, samt Bestyrelsen af Thorkillii Børneskolefond overgaar til Ministeriet.

Nr. 12. 23. ágúst.

2. Í stað amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu skal forstjóri landsyfirrjettarins taka forsæti í synodalrjettinum.
3. Öll önnur störf stiptsyfirvaldanna skulu fengin biskupi í hendur.

III.

Um störf landfógeta.

Störf landfógeta skulu fengin í hendur landsbankanum í Reykjavík gegn 2,500 kr. þóknun árlega. Nánari reglur um framkvæmd starfa þessara af bankans hálfu setur ráðherra Íslands.

Tilskipun þessi öðlast gildi, að því er skipun á störfum amtmanna og stiptsyfirvalda snertir, 1. október 1904 og að því er snertir störf landfógetaembættisins, þá er það embætti verður lagt niður.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Bernstorff, 23. ágúst 1904.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

Nr. 12. Tilskipun um hvernig gegna skuli embættisstörfum amtmanna, stiptsyfirvalda og landfógeta á Íslandi, þegar embætti þessi verða lögð niður.

2. I Stedet for Amtmanden over Syd- og Vestamtet skal Justitiarins i Landsoverretten have Forsædet i Synodalretten. **Nr. 12.** 23de August.
3. Alle Stiftsøvrighedens øvrige Embedsforretninger skulle henlægges til Biskoppen.

III.

Om Landfogdens Embedsforretninger.

Landfogdens Embedsforretninger skulle imod et aarligt Vederlag af 2500 Kr. overdrages til Landsbanken i Reykjavik. De nærmere Regler om Bankens Udøvelse af Forretningerne fastsættes af Islands Minister.

Denne Anordning træder i Kraft med Hensyn til Ordningen af Amtmændenes og Stiftsøvrighedens Embedsforretninger den 1ste Oktober 1904 og med Hensyn til Landfogdens Embedsforretninger, naar dette Embede nedlægges.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Bernstorff, den 23de August 1904.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

Nr. 12. Anordning for Island ang. hvorledes Besørgelsen af de nu til Amtmændene, Stiftsøvrigheden og Landfogden henlagte Embedsforretninger skal ske, naar disse Embeder blive nedlagte.

**(Optrykt Side.)**